

Drög að reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar – athugasemdir og ábendingar Samorku – fylgiskjal með umsagnarbréfi dagsettu þann 31. október 2019 - **Samráðsgátt mál S-213/2019**

DRÖG AÐ REGLUGERÐ um raforkuviðskipti og mælingar.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til lágmarkskrafna um raforkumæla og mælubúnað, mælinga raforku, skráningar og meðhöndlunar mæligilda og miðlunar upplýsinga til uppgjors á raforkuviðskiptum. Þá er hlutverki, réttindum og skyldum aðila sem stunda viðskipti með raforku lýst.

2. gr.

Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í reglugerð þessari:

Afhendingarstaður: Staður í flutnings- eða dreifikerfi þar sem innmötun eða úttekt raforku fer fram.

Aftoppur: Aftoppur er hæsta meðalálág raforku, mælt í skilgreindan tíma. Mælieining aftoppis er kW eða kVA.

Almennur notandi: Notandi raforku sem kaupir raforku til eigin nota en er ekki stórnótandi. Almennur notandi getur jafnframt verið þjónustuveitandi raforku.

Ábyrgðaraðili jöfnunarorku: Sá aðili sem ábyrgist með skriflegum samningi við kerfisstjórn að jafnvægi sé milli öflunar raforku, þ.e. raforkuframleiðslu og raforkukaupa annars vegar, og ráðstöfunar, þ.e. sölu og notkunar hins vegar.

Ábyrgðaraðili mælinga: Flutningsfyrirtæki og dreifiveitur.

Gagnaflutningssamband: Fjarskiptasamband til flutnings á mæligögnum.

Hámarksúttekt: Mesta leyfilega afl í kW og kVA sem flytja má um tengingu eins og kveðið er á um í tengisamningi.

Heimilisnotandi: Almennur notandi sem kaupir raforku til heimilisnota, þar með talið til húshitunar.

Hleðslustöð: Raffang sem hleður rafknúin ökutæki.

Innmötun: Raforka sem er mötuð inn á flutningskerfi eða dreifikerfi.

Commented [BD1]: Almennur notandi raforku er einnig skilgreindur í reglugerð 678/2018 og þar sett ákveðið þak við 14 GWh og 7.000 stunda nýtingartíma o.fl. Hér má spyrja hvort ekki er rétt að gæta samræmis eða hvort í nefndri reglugerð er verið að horfa til annarra atriða? Þetta snertir einnig fleiri þætti og þar með samskiði við heimilisnotanda og spurning hvornig er rétt að haga þeirri skilgreiningu (sjá nánar í athugasemd þar).

Commented [BD2]: Hér er lagt til að aftan við orðið tengisamningur komi „og/eða heimtaugaumsókn“ og þá vísað til framkvæmdarinnar hjá mörgum dreifiveitum þar sem sú umsókn er metin sem ígildi tengisamnings.

Commented [BD3]: Eins og áður segir þurfa skilmerkin á milli almenns notanda og heimilisnotanda að vera skýr ekki síst m.t.t. þeirra sjónarmiða að dreifiveita geti í vissum tilvikum haft ríkari skyldur gagnavart heimilisnotanda en almennum notanda (atvinnurekstur). Þá vakna einnig spurningar um skil milli heimilis og annarra notkunar eins og fristundahús, hesthús o.s.frv. Þá renna stundum saman heimilisnot og atvinnurekstur t.d. í búrekstri.

Jöfnunarorka: Mismunur innmataðrar/úttekinnar orku og kaup-/söluskuldbindinga hvers ábyrgðaraðila jöfnunarorku.

Kennitala mælistaðar: Hlaupandi talnakóði fyrir hvern mælistað (mæliverk) í raforkukerfinu.

Mælibúnaður: Mælibúnaður er safnheiti yfir allan nauðsynlegan búnað til að mæla raforkunotkun. Til mælibúnaðar teljast m.a. raforkumælur, straumspennar, spennuspennar, tímarofar, mælitaugar, einangrun, varnarbúnaður, gagnasafnverk og samskiptabúnaður.

Mælisnúmer: Sérstakt eigandanúmer raforkumælis eða raðnúmer á upplýsingaskildi mælis.

Neysluveita: Neysluveita er raflögn og rafbúnaður innan við stofnkassa í húsum. Á einni heimtaug geta verið fleiri en ein neysluveita.

Notkunarferill: Mismunur heildarorkuúttektar á notkunarferilssvæði á klukkustund annars vegar, og tímamældrar notkunar einstakra notanda og ómældrar þekkrar notkunar hins vegar. Töþ í raforkukerfinu teljast hluti af notkunarferli.

Notkunarstaður: Sá staður þar sem dreifiveita afhendir raforku til almenns notanda.

Ómæld áætlun orkunotkun: Raforka sem seld er samkvæmt afltaxta, þar sem uppsett afl og nýtingartími er notað til útreiknings á raforkunotkun og mælingu verður ekki komið við af tæknilegum ástæðum eða vegna kostnaðar.

Raffang: Hvers konar hlutur sem að einhverju leyti kemur að gagni við nýtingu raforku, þ.e. til vinnslu, flutnings, dreifingar, geymslu, mælinga, breytinga og notkunar raforku, svo sem spennar, hreyflar, mælitæki, neyslutæki, varnarbúnaður, hleðslustöðvar og búnaður til raflagna.

Rafknúid ökutæki: Vélknúid ökutæki búið aflrás sem hefur a.m.k. eina rafmagnsvél, sem er ekki jaðarbúnaður, sem orkubreyti með endurhláðanlegu raforkugeymslakerfi sem hægt er að hlaða utan ökutækisins.

Raforkumælir: Mælir, sem ætlaður er til að mæla raun- eða launorku.

Raforkusölusamningur: Samningur milli sölufyrirtækis og almenns notanda um sölu hans fyrrnefnda á raforku til hins síðarnefnda.

Raforkuviðskipti: Kaup og sala raforku.

[*Reiknistofa]

Stoðþjónusta: Kaup á aðföngum eins og tíðnireglun, spennureglun, varaafli, o.fl., sem nauðsynleg eru til að uppfylla skyldur um kerfisþjónustu.

Stórnotandi: Notandi sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári.

Sölufyrirtæki: Fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu.

Sölumælir: Mælir sem notaður er til uppgjors á sölu raforku.

Tengisamningur dreifiveitu: Samningur dreifiveitu við almennan notanda eða vinnslufyrirtæki um tengingu þessara aðila við dreifikerfið, dreifingu raforku, mælingu hennar eða aðra þjónustu tengda afhendingarstað raforkunnar.

Commented [BD4]: Hugtakið „neysluveita“ er skilgreind í reglugerð nr. 678/2009 sem uppfærð var í janúar s.l. og mikilvægt að þessi ákvæði séu samræmd.

Commented [BD5]: Hér er spurning hvort réttara er að tala um heildar innmötun frekar en úttekt.

Commented [BD6]: Í raun er gerður raforkusölusamningur (eða ígildi hans) við alla notendur og þar með talið stórnotendur. Því spurning hvort „almenns“ ætti að falla út.

Commented [BD7]: Dreifiveiturnar reka reiknistofu sem eðlilegt er að gert sé ráð fyrir í reglugerðinni. Lagt er til að ákvæði þar að lútandi sé sett inn í reglugerðina. Sjá einnig að í 16. gr. er fjallað um „þjónustufyrirtæki mælinga“.

Commented [BD8]: Hér er spurning hvort ekki er rétt að bæta við kröfu um lágmarksspennustig (t.d. 60 kV eða hærra – sjá 45. gr. raforkulaga). Einnig er rétt að vísa til almannaksárs, þ.e. frá áramótum til áramóta en ekki á óskilgreindu 12 mánaða tímabili.

Commented [BD9]: Hér er lagt til að standi. Sölumælir: „Löggiltur mælir“

Commented [BD10]: Eins og áður segir er litið á umsókn um heimtaug sem ígildi tengisamnings og eðlilegt að það komi fram í ákvæðinu.

Tengisamningur flutningskerfis: Samningur flutningsfyrirtækis við vinnslufyrirtæki, dreifiveitu eða stórnótanda um tengingu þessara aðila við flutningskerfið, flutning raforku, mælingu hennar eða aðra þjónustu tengda afhendingarstað raforkunnar.

Tímamæling: Mæling raforkunotkunar sem safnað er klukkustund fyrir klukkustund.

Töpp í raforkukerfi: Mismunur á mældri innmattaðri orku í raforkukerfi og því sem mælt er út af sama raforkukerfi ásamt ómældri áætlaðri orkunotkun.

Þjónustuveitandi: Aðili sem veitir almennum notanda aðgang að raffangi til notkunar raforku innan sinnar fasteignar eða umráðasvæðis og hefur milliöngu um öflun raforku frá sölufyrirtæki sem tengist nýtingu aðstöðunnar. Dæmi um þjónustuveitendur raforku: tjaldstæði, frístundabyggð, fjöleignarhús, hafnir og þjónustukjarnar.

II. KAFLI

Skyldur raforkufyrirtækja.

3. gr.

Skyldur vinnslufyrirtækja.

Vinnslufyrirtækjum ber að framleiða raforku samkvæmt sölusamningum við sölufyrirtæki og samningum um stoðþjónustu við kerfisstjórn. Vinnslufyrirtækið skal standa skil á greiðslum til flutningsfyrirtækis eða dreifiveitu vegna tengingar og innmötunar á flutningskerfið.

4. gr.

Skyldur sölufyrirtækja.

Sölufyrirtækjum ber skylda til að afla þeirrar orku sem þau endurselja og tryggja að jafnvægi sé milli orkuöflunar og orkusölu á hverjum tíma. Í því skyni ber sölufyrirtækjum að gera skriflegan samning við kerfisstjórn flutningsfyrirtækis sem ábyrgðaraðili jöfnunarorku og senda inn sundurliðaðar áætlanir um orkuviðskiptin skv. reglum kerfisstjórnar flutningsfyrirtækis. Sölufyrirtæki ber skylda til að afhenda almennum notanda raforku í samræmi við raforkusölusamning.

Í því skyni ber sölufyrirtækjum m.a. að:

1. gera raforkusölusamning við viðskiptavini,
2. semja um og standa skil á greiðslum vegna raforkuviðskipta við vinnslufyrirtæki eða önnur sölufyrirtæki,
3. gera samning við kerfisstjórn flutningsfyrirtækis vegna ábyrgðar á jöfnunarorku og standa skil á greiðslum vegna hennar,
4. standa skil á innheimtum gjöldum vegna flutnings- og dreifingarþjónustu til dreifiveitna,
5. innheimta eftir atvikum, greiðslur fyrir ofangreinda kostnaðarliði hjá notendum.

5. gr.

Skyldur flutningsfyrirtækis.

Flutningsfyrirtæki ber að flytja raforku, afla kerfisþjónustu, reglunarorku og orku vegna taps í flutningskerfi ásamt því að annast uppgjör vegna jöfnunarorku.

Í því skyni ber flutningsfyrirtæki m.a. að:

1. tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá,
2. útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu.
3. útvega launafli fyrir kerfið til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði.
4. tryggja áreiðanleika í rekstri kerfisins.

Commented [BD11]: Hér er bent á að orðið aflraðarmæling er notað í 24. gr. og er það nákvæmara orð og vísar til þess að ná þarf utanum bæði raforkunotkun og afl.

Commented [BD12]: Lagt er til að ákvæðið verði en skýrara m.t.t. heimildar til staðbundinnar dreifingar á raforku í tengslum við þjónustuna sem þjónustuveitandi ætlar að veita. Hér væri því rétt að bæta við tímabundinn, þ.e. „veitir almennum notanda tímabundinn aðgang að“ o.s.frv. Einnig að skerpa á „þjónustusvæði“ ef svo má segja. Þ.e. að bæta inn lóðar eða athafnasvæðis „...sinnar fasteignar, umráðasvæðis, lóðar eða athafnasvæðis og hefur milli göngu um“ Loks er rétt að skerpa betur á dæmunum sem talin eru og þá jafnvel að þau séu tæmandi talin í greininni. Tryggt þarf að vera að ákvæðið taki til þjónustukjarna þar sem þriðji aðili setur setur upp og/eða reka og/eða þjónustar hleðslustöðvar. Spurning hvort umráðasvæði nær utan um það með fullnægjandi hætti?

Commented [BD13]: Í þessum kafla er fjallað um skyldur raforkufyrirtækja (vinnsla – sala – flutningur – dreifing). Mikilvægt er að inn í reglugerðina komi einnig ákvæði um skyldur notanda t.d. varðandi aðgengi dreifiveitu að inntaki, mælum og öðrum búnaði hvort sem er til viðhalds, mælaskipta, álesturs eða annars sem tilheyrir rekstri dreifikerfis og þar með sölumæla.

Commented [BD14]: Ekki er ljóst hvers vegna þessi texti er hér undir skyldum sölufyrirtækja nema verið sé að vísa til þess að dreifiveita hafi falið sölufyrirtæki umrædda innheimtu með samningi þar um. Sama á við um 5. tl.

Commented [BD15]: Skoða þarf 1. - 5. tl. með tilliti til samanburðar við reglugerð nr. 1040/2004 og þar með hvar rétt er að fjalla um þessar skyldur og eigi að gera það báðum meginn að þá sé samræmi á milli ákvæðanna.

5. sjá til þess að fyrir liggja spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins,
6. greiða þeim dreifiveitum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu,
7. mæla það rafmagn sem afhent er inn á og út af flutningskerfinu,
8. halda utan um mælingar og skila gögnum til viðkomandi aðila svo að unnt sé að gera upp viðskipti með raforku.
9. stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf svo að hægt sé að mæta frávikum milli umsaminnna kaupa og raforkunotkunar, sem og að gera samninga við vinnslufyrirtæki í þessu sambandi.
10. tryggja nægjanlegt framboð reiðuafns við rekstur kerfisins,
11. samræma notkunarferla þar sem aflmæling fer ekki fram,
12. hafa tiltækar viðbragðsáætlanir og annast samræmingu neyðaraðgerða í flutningskerfinu, bregðast við í vá og ef einhver aðili að neyðarsamstarfi raforkukerfisins óskar þess og tryggja tengsl við yfirstjórn almannavarna,
13. útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu og gera upp jöfnunarorkukostnað vegna þess,
14. kaupa inn stoðþjónustu sem nauðsynleg er til að uppfylla kröfur um kerfisþjónustu.

Commented [BD16]: Þetta ákvæði er óskýrt um hvað í því fellst. Sjá umfjöllun um 8. tl. 6. gr. um sama efni. Tilvísun til nefndarálits iðnaðarnefndar frá 15. desember þegar breyting var gerð á raforkulögum hér að lútandi.

6. gr.

Skyldur dreifiveitna.

Dreifiveita skal annast dreifingu þeirrar raforku sem kemur frá flutningskerfinu og þeim virkjunum sem framleiða beint inn á dreifikerfi hennar, til notenda á viðkomandi dreifiveitusvæði. Dreifiveita ber ábyrgð á mælingum og ómældri áætlaðri orkunotkun á sínu dreifiveitusvæði og að skila gögnum til viðkomandi aðila.

Í því skyni ber dreifiveitum m.a. að:

1. tengja alla sem eftir því sækjast við dreifikerfið, enda hafi þeir gildan samning um kaup á raforku, uppfylli tæknileg skilyrði fyrir tengingu og greiði tengigjald sem skal tilgreint í gjaldskrá. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að kerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg og rökstudd,
2. tryggja áreiðanleika í rekstri kerfisins,
3. útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu,
4. útvega launafl fyrir kerfið til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði,
5. mæla eða láta mæla með nákvæmum hætti þá raforku sem hún afhendir eða tekur við í samræmi við reglur þar að lútandi,
6. veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort hún fullnægi skyldum sínum. Rísi ágreiningur um hvort fyrirtækinu sé skylt að veita umbeðnar upplýsingar sker Orkustofnun úr. Urskurður Orkustofnunar í þessu efni sætir kærur til úrskurðarnefndar raforkumála,
7. gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmunum notenda og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari,
8. greiða þeim notendum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu,
9. gera upp kostnað af flutningi raforku og kerfisþjónustu við kerfisstjórn flutningsfyrirtækis,
10. semja um og gera upp raforkukaup vegna orkutaps í dreifikerfi,

Commented [BD17]: Bent er á að í framkvæmd hafa dreifiveitur ekki gert kröfu um að samningur um kaup á raforku liggja fyrir þegar heimtaugabeidni er lögð fram, t.d. í tilvikum nýbygginga o.þ.h. Hins vegar er einnig til svo nefnd beidni um áhleyingu á neysluveitu þ.e. rafmagn hleypt á kerfið. Verulegur munur í tíma getur verið á þessum beidnum. Í því sambandi hefur líka verið rætt um samstarf við Mannvirkjastofnun um að dreifiveitur fái ekki áhleyingarbeidni í gegnum kerfi þeirra nema jafnframt sé tilgreint söluvirkjastofnun og greiðandi orkugjalda.

Commented [BD18]: Einnig er rétt að tekið sé fram að synjun geti byggst á því að dreifikerfi er ekki fyrir hendi á viðkomandi svæði.

Commented [BD19]: Dæmi eru um að dreifiveitur eigi og reki eigin virkjun til framleiðslu á rafmagn sem mætur töpum í kerfinu eða að öðru leyti til eigin nota en ekki endursölu. Spurning hvort heimildarákvæði hér að lútandi geti verið í þessari reglugerðinni.

Commented [BD20]: Sbr. einnig athugasemd við 6. tl. 5. gr. Hér þarf að koma fram skýrari leiðsögn um hvað átt er við. Má í því sambandi vísa nefndarálits iðnaðarnefndar Alþingis 15. desember 2015 þegar ákvæði hér að lútandi kom inn í raforkulögin. Þar sagði: „Með hliðsjón af þeim fjölmörgu umsögnum sem bárust iðnaðarnefnd leggur nefndin til, að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið, að eftirfarandi breytingartillögur verði gerðar við frumvarpið. Lagt er til að við 4. gr. frumvarpsins bættist nýtt heimildarákvæði um bætur til dreifiveitna vegna skerðingar á raforkuafhendingu í þeim tilvikum þegar um langvarandi skerðingu er að ræða, þó þannig að skerðing af völdum færvæðis eða náttúruhamfara verði undanskilin. Kveða á nánar um fjárhæð slíkra bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð. Þær bætur sem um ræðir eru hefðbundnar skaðabætur. Með langvarandi skerðingu er átt við skerðingu sem nemur meira en 12 klukkustundum. Nefndin vill áréttta að ekki er um að ræða samsvarandi rétt til handa stórnötendum vegna langvarandi skerðingar á raforkuafhendingu, en um rétt þeirra í þessu sambandi er kveðið á í tvíhliða samningum við flutningsfyrirtæki og í skilmálum flutningsfyrirtækisins.“

11. gera upp kostnað af jöfnunarorku vegna orkutaps við kerfisstjórn flutningsfyrirtækis,
12. miðla upplýsingum til kerfisstjórnar flutningsfyrirtækis og söluþyrirtækja vegna upp-
gjörs á raforkuviðskiptum og jöfnunarorku,
13. miðla upplýsingum til smærri virkjana sem framleiða beint inn á dreifiveitusvæði,
14. halda skrá yfir veitur á sínu dreifiveitusvæði með þeim hætti að tengja megi veituna
við viðskiptavini og annast flutning notenda milli söluþyrirtækja.

Commented [BD21]: Lagt er til að í stað stað „annast flutning notenda milli söluþyrirtækja“ komi „annast söluaðilaskipti“

III. KAFLI Raforkuviðskipti.

7. gr.

Upphaf raforkuviðskipta, skipti á söluþyrirtæki og færsla á neysluveitu.

[1] Almennur notandi á rétt á að velja sér söluþyrirtæki sem hann gerir raforkusölusamning við um afhendingu raforku á tilgreindum stað. Samningur um viðskipti með raforku milli söluþyrirtækis og almenns notanda skal liggja til grundvallar viðskiptum með raforku. Slíkan samning er heimilt að gera og staðfesta rafrænt svo sem með rafrænum skilríkjum. Stórnótandi og söluþyrirtæki gera ávallt með sér sársamning.

Commented [BD22]: Ýmsar ábendingar og tillögur sem lúta að 7. gr. eru einnig settar fram umsagnabréfi, þar með tillögum að möguleikum á ólíkum útfærslum vegna flutnings viðskiptavina milli dreifiveitusvæða, vegna söluaðilaskipta o.fl.

Commented [BD23]: Í stað „skipti á söluþyrirtæki og færslu á neysluveitu“ komi „söluaðilaskipti og notendaskipti“

[2] Raforkusala ber að gera samning við almennan notanda sem óskar eftir viðskiptum við hann. Þegar samningur hefur komist á milli almenns notanda og raforkusala ber raforkusala að senda dreifiveitu beiðni um að opna fyrir dreifingu til almenns notanda neysluveitu. Ákvörðun söluþyrirtækis um að hafna raforkuviðskiptum er hægt að beina til Orkustofnunar í formi kvörtunar.

Commented [BD24]: Hér er spurning hvort ekki er rétt að kveða á um skylduna um samning í upphafi greinarinnar en síðan um valið og söluaðilaskiptin. Fyrsti og annar málsliður verði þá svo hjóðandi.

„Samningur um viðskipti með raforku milli söluþyrirtækis og almenns notanda skal liggja til grundvallar viðskiptum með raforku. Almennur notandi á rétt á að velja sér söluþyrirtæki sem hann gerir samninginn við og skipta um söluaðila eftir þeim reglum sem gilda samkvæmt reglugerð þessari.“

Commented [BD25]: Lagt er til að „...á tilgreindum stað.“ falli brott þar sem raforkusölusamningur er almennt ekki bundinn við tiltekinn stað þó slíkt geti mögulega komið upp er það meginreglan að samningurinn er ekki bundinn við tiltekinn stað.

[3] Við upphaf raforkuviðskipta, bæði þegar almennur notandi stofnar nýja neysluveitu og þegar almennur notandi flytur neysluveitu innan dreifiveitusvæðis eða milli dreifiveitusvæða, ber dreifiveitu skylda til að leiðbeina notanda með hvaða hætti hann geti valið sér raforkusala, hafi samningur ekki verið þá þegar gerður. Dreifiveitu er óheimilt að tengja almennan notanda við veitu nema fyrir liggja staðfestur samningur af hálfu almenns notanda um af hverjum hann kys að kaupa raforkuna af. Við leiðbeiningarskyldu sína skal dreifiveita gæta jafnræðis í hvítvetna og er henni óheimilt að vekja athygli notanda á einu söluþyrirtæki umfram annað. Dreifiveita skal m.a. veita upplýsingar um hvar gjaldskrár söluþyrirtækja er að finna, ferli við upphaf raforkuviðskipta og um afleiðingar þess ef raforkusali er ekki valinn.

Commented [BD26]: Lagt er til að við bættist. „... og staðfesta rafrænt svo sem með rafrænni auðkenningu eða rafrænum skilríkjum.“

Commented [BD27]: Þessi lýsing í 3. mgr. er ónákvæm í ljósi þess hvernig „neysluveita“ er skilgreind í reglugerðinni þ.e. hún er í raun húsveita eða safn þeirra. Orðin „þegar almennur notandi stofnar nýja neysluveitu og þegar almennur notandi flytur neysluveitu innan dreifiveitusvæðis eða milli dreifiveitusvæða, ...“ komi „þegar almennur notandi tekur við nýrri eða eldri neysluveitu ..“

[4] Dreifiveitu ber skylda til að tengja almennan notanda neysluveitu um leið og samningur almenns notanda og raforkusala hefur tekið gildi. Við tengingu veitu kemst á tengisamningur milli dreifiveitu og almenns notanda. Raforkusali skal upplýsa almennan notanda um samningsskilmála dreifiveitna við upphaf viðskipta þar með talið kostnað við að loka og opna veitu.

Commented [BD28]: Áður er fjallað um hvort ekki sé rétt að hafa sérstakt ákvæði um skyldur notanda (almenns og heimilis) og þar með hverjar afleiðingar það á að hafa ef raforkusali er ekki valinn. Sjá einnig í sérstakri umfjöllun um 7. gr.)

Commented [BD29]: Í 4. mgr. gæti ákveðinn ónákvæmni m.t.t. nýrrar veitu þ.e. hún verður ekki tengd nema fyrir liggja heimtaugabeiðni (tengisamningur) og hlutaðeigandi heimlagngjöld hafi verið greidd. Rétt er að orðalagið taki mið af þessu eða vísað sé í 1. tl. 2. mgr. 6. gr. Hér falla einnig undir þau tilvik að dreifikerfi er ekki fyrir hendi.

[5] Almennur notandi sem er með raforkusölusamning heldur sjálfkrafa þeim samningi áfram þegar hann flytur neysluveitu sína, nema hann óski sjálfur eftir að hefja viðskipti við nýjan raforkusala í samræmi við reglugerð þessa.

Commented [BD30]: Efnislega sama athugasemd og við 3. mgr. Orðin „...flytur neysluveitu sína...“ en í staðinn komi „...þegar hann tekur við nýrri eða eldri neysluveitu...“.

[6] Almennur notandi getur óskað eftir breytingu á áætlun um orkunotkun vegna verulega breyttra forsendna eða ef rökstuddar ástæður fyrir breytingu liggja fyrir. Hann getur einnig farið fram á leiðréttingu reiknings af sömu ástæðum. Breytingu á áætlun um orkunotkun ber sölufyrirtæki að tilkynna viðkomandi dreifiveitu.

[7] Almennum notanda skal á hverju tíma heimilt að skipta um sölufyrirtæki. Ef almennur notandi skiptir um sölufyrirtæki velur hann sér nýtt sölufyrirtæki og gerir við það raforkusölusamning. Sölufyrirtækið sendir dreifiveitu afrit af samningnum og er heimilt fyrir hönd almenns notanda að segja upp samningi við sölufyrirtæki sem almennur notandi hefur ákveðið að hætta í viðskiptum við. Um uppsögn raforkusamnings fer skv. 10. gr.

[8] Við lok raforkuviðskipta skal fara fram álestur, sem næst skiptadegi, og tilkynning send viðkomandi aðilum.

Commented [BD31]: Sjá sérstaka umfjöllun um álestur og álestrar tíma við flutning og söluaðilaskipti. Ýmiss vandkvæði sem geta komið upp.

[9] Sölufyrirtæki er skylt að sýna dreifiveitu skilmála sem varða starfsemi dreifiveitu í raforkusölusamningnum sínum, ef eftir því er leitað.

[10] Dreifiveitur skulu á hverjum tíma hafa til staðar aðgengilegar upplýsingar fyrir almenna notendur þar sem þeim er leiðbeint um rétt sinn til að velja sér raforkusala og til skipta á sölufyrirtæki.

[11] Fyrir 1. janúar 2021 skulu sölufyrirtæki hafa gert staðlaðan samning við notendur um viðskipti með raforku.

Commented [BD32]: Lagt er til að við bætist „samning við almenna notendur...“

Commented [BD33]: Spurning um þá viðskiptavinum sem í dag eru í viðskiptum við sölufyrirtæki og í þeim skilningi með samning sín á milli. Ekki er alveg ljóst hvað er átt við hér og hvað gerist ef staðfesting er ekki komin fyrir tilgreint tímamark. Hverjum ber að fylgja því eftir og hvaða afleiðingar á það hafa? Mun Orkustofnun kalla eftir þessum upplýsingum? Alla vega er ekki eðlilegt að dreifiveiturnar hafi hér hlutverk í þessu efnun. Hvaða viðurlögum ætlar hið opinbera að beita sé ekki orðið við þessari skyldu? Hafa þarf allar hlíðar neytendaverndarinnar í huga í þessu sambandi. Íþyngjandi aðgerðir gagnvart neytendum eru ekki við hæfi í þessu sambandi og dreifiveiturnar vilja ekki vera sá aðili sem fer í íþyngjandi aðgerðir.

Commented [BD34]: Orðalag hér er ekki alveg skýrt og spurning hvornig textinn og kröfumar falla að EB tilskipun 2014/94 hér að lútandi. Í þessu sambandi má benda á að í sn. hreinorkupakka EB er gert ráð fyrir þeim möguleika að dreifiveitur geti sinnt þessari þjónustu þar sem markaðsbrestur er fyrir hendi.

8. gr.

Þjónustuveitandi raforku

Þjónustuveitandi raforku getur innheimt gjald fyrir raforkunotkun með föstu gjaldi fyrir nýtingu aðstöðu sinnar, eða tekið fast gjald fyrir aðstöðu og breytilegt gjald í samræmi við raforkunotkun. Þjónustuveitendum er heimilt að veita viðskiptavinum þjónustu á grundvelli samnings, þ.m.t. í nafni og fyrir hönd annarra þjónustuveitenda. Rafföng sem aðgengileg eru almenningi skulu einnig bjóða upp á þann möguleika að nýta rafmagn án þess að gera formlegan samning við hlutaðeigandi þjónustuveitanda. Um skráningu og meðferð persónuupplýsinga í þessum tilvikum gilda almennar lagareglur á hverjum tíma.

Ofangreinda starfsemi er hægt að reka án þess að hafa söluleyfi hjá Orkustofnun, þó er þjónustuveitendum skylt að tilkynna um slíka þjónustu til Orkustofnunar í rafrænu viðmóti á heimasíðu Orkustofnunar með þeim skilmerkjum sem stofnunin setur.

9. gr.

Rafræn upplýsingamiðlun.

Tilkynningar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skulu vera á stöðluðu og rafrænu formi í samræmi við verklagsreglur kerfisstjórnar flutningsfyrirtækis eða dreifiveitu, sem samþykktar hafa verið af Orkustofnun.

10. gr.

Uppsögn raforkusamnings og gildistími.

Almennum notanda er heimilt að segja upp raforkusölusamningi við sölfyrirtæki með 3ja vikna fyrirvara. Heimilt er að semja um lengri uppsagnarfrest ef almennur notandi notar árlega meira en 1 GWst af raforku.

Uppsögn raforkusölusamnings getur verið með rafrænum eða skriflegum hætti og skal beinast að viðkomandi raforkusölfyrirtæki.

Gildistími raforkusölusamnings við almennan notanda getur verið allt til 5 ára, en að lágmarki til 3 mánaða af hálfu sölfyrirtækis.

11. gr.

Stöðvun orkuafhendingar.

Sölfyrirtæki eða dreifiveita hefur heimild til að stöðva raforkuafhendingu til almenns notanda raforku sem vanrækir að greiða reikning fyrir flutning, dreifingu og/eda kaup á raforku eða að öðru leyti vanrækir aðrar skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari. Sé um að ræða vanskil má grípa til lokunar eftir að skuld er í vanskilum eftir gjalddaga eða eindaga og að undangenginni skriflegri viðvörðun, sem sölfyrirtæki eða dreifiveita skal senda almennum notanda með minnst 30 daga fyrirvara um ætlaða dagsetningu lokunar á veitu. Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila sölfyrirtækjum eða dreifiveitum sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar á orkuafhendingu og vanskil á uppgjörreikningum. Sölfyrirtæki eða dreifiveitur ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar. Stöðvun orkuafhendingar hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við sölfyrirtæki eða dreifiveitur.

Ef sölfyrirtæki vill stöðva raforkuafhendingu skal það senda dreifiveitu skriflega beiðni um lok orkuafhendingar af þess hálfu. Í henni skal tilgreina hvenær hún skuli koma til framkvæmda, ásamt gögnum um ástæður fyrir beiðni um lokunarinnar. Þessi beiðni skal send veitunni á sama tíma og almennur notandi er varaður við fyrirhugaðri stöðvun á afhendingar á orku. Sölfyrirtæki eða dreifiveitu ber ekki skylda til að hefja raforkuafhendingu fyrr en raforkuskuld, ásamt kostnaði vegna stöðvunar raforkuafhendingar, hefur verið að fullu greidd eða samið hefur verið um greiðslu fyrir skuld vegna raforkukaupa og kostnað vegna stöðvunar raforkuafhendingar. Sölfyrirtæki eða dreifiveitu er heimilt að innheimta lokunar- og opnunargjöld hjá almennum notanda í samræmi við raunkostnað sem af lokun og opnun veitu hlýst.

Dreifiveita ein hefur heimild til að stöðva orkuafhendingu í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Hún hefur jafnframt skyldu til að stöðva orkuafhendingu í samræmi við beiðni sölfyrirtækis á til settum tíma.

Dreifiveitur og sölfyrirtæki skulu sameiginlega setja staðlaðar verklagsreglur um stöðvun orkuafhendingar. Gildistaka verklagsreglnanna er háð samþykki Orkustofnunar.

12. gr.

Riftun raforkusölusamnings.

Sölfyrirtæki er heimilt að rifta samningi um raforkuviðskipti, ef almennur notandi stendur ekki í skilum með greiðslur vegna raforkukaupa í samræmi við 7. gr. Sölfyrirtæki er þó eigi heimilt að rifta samningi nema almennan notanda hafi áður verið gefin skrifleg viðvörðun sbr. ákvæði 44. gr.

Sölfyrirtæki er heimilt að rifta samningi án fyrirvara ef bú almenns notanda er tekið til gjaldþrotaskipta.

Almennum notanda er heimilt að rifta samningi vegna verulegra vanefnda sölfyrirtækis.

Commented [BD35]: Mikilvægt er að þetta ákvæði taki mið af þeim praktisku tæknilegu atriðum sem dreifiveiturnar og reiknistofa þeirra (Netorka) búa við í dag. Sjá sérstaka umfjöllun hér að lútandi í umsagnabréfi. Með snjallmælavæðingu mun þetta hins vegar breytast og verða auðveldara.

Commented [BD36]: Hér þarf að hafa í huga sala og dreifing fara í gegnum mælitæki í eigu dreifiveitunar og því koma upp spurningar um praktísk atriði ekki síst er viðskiptavinur er í skilum við dreifiveitu og hefur eftir atvikum skipt um söluaðila en er í vanskilum við þann eldri. Þá þarf einnig að hafa í huga að mjög kostnaðarsamt getur verið að beita lokunum og þær aðgerðir tekið mjög langan tíma t.d. ef nauðsynlegt er að beita innsetningargerð til að komast að mæli. Sérstaklega er fjallað um tímafresti o.fl. í umsagnabréfi.

Commented [BD37]: Hér þarf að gæta samræmis við 45. gr. þar sem fresturinn er 14. dagar sem einnig í samræmi við framkvæmdina hjá dreifiveitunum. Því er lagt til að hér sé fyrirvarinn einnig 14 dagar.

Commented [BD38]: Hér er áréttað það sem nefnt er hér að ofan um að viðskiptavinur er kominn í viðskipti við nýjan söluaðila og er í skilum við dreifiveitu. Er þá hægt að halda neysluveitu lokaðri eftir að söluaðilaskipti hafa átt sér stað?

Commented [BD39]: Taka þarf fram að dreifiveita og sölfyrirtæki beri hvort um sig áhættu af því hvernig gengur að loka fyrir afhendingu sem og af kostnaði við lokun. Eins ítrekað hefur verið nefnt getu það tekið langan tíma og verið mjög kostnaðarsamt sér í lagi í þeim tilvikum sem beita þarf innsetningargerð til að komast að mæli. Hér má einnig nefna þau atriði sem lúta að skorti á ákvæðum um skyldur viðskiptavina og áður er vikið að.

Commented [BD40]: Hér þarf að hafa í huga að dreifiveitur eru í sérleyfisstarfsemi en sölfyrirtæki í samkeppnisstarfsemi.

Commented [BD41]: Í þessari grein eru sölfyrirtækjum heimilað að rifta samningi við nánar tilgreind tilvik. Hér þarf að hafa í huga hvaða afleiðingar þetta hefur gagnvart raforkuafhendingunni sjálfri. Hér er vísað til þess að raforka fer inn á neysluveitu þangað til það tekst að loka fyrir raforkuafhendingu. Eins og áður er komið fram getur það tekið langan tíma t.d. ef beita þarf innsetningargerð til þess að komast að mæli. Það þarf að vera ljóst að raforkusali beri ábyrgð á notkuninni þar til lokun tekst. Raforkan sem flæðir í gegnum mælinn verður því að innheimtast af söluaðila en getur ekki orðið á ábyrgð dreifiveitu. Með hliðsjón af þessu er einnig mikilvægt að skilgreina hvaða frestir eru til lokunar við riftun og þar með hvort notandi hefur rétt til að láta reyna á gildi riftunar áður en til lokunar kemur.

13. gr.

Aðfararheimild.

Gjöld fyrir raforku svo og gjöld fyrir flutning og dreifingu, sem innheimt eru í samræmi við gjaldskrár, eru aðfararhæf án dóms eða sáttar skv. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989. Heimilt er að stöðva afhendingu raforku ef ekki er staðið í skilum með greiðslu þessara gjalda.

IV. KAFLI

Ábyrgð á mælingu raforku.

14. gr.

Mæling raforku í flutningskerfi.

Kerfisstjórn flutningsfyrirtækis ber ábyrgð á mælingu raforku inn á og út af flutningskerfinu í samræmi við raforkulög. Í því felst uppsetning, rekstur og viðhald mælíbúnaðar ásamt söfnun, leiðréttingu og staðfestingu mæligagna og dreifingu þeirra til viðkomandi aðila. Ennfremur skal kerfisstjórn tryggja að raforkumælar sem notaðir eru til uppgjörs sölu raforku séu löggiltir.

Mælistaður skal vera sá staður í flutningskerfinu sem tilgreindur er sem afhendingarstaður í viðkomandi tengisamningi. Kerfisstjórn skal skilgreina nánar í tengisamningi við vinnslufyrirtæki, dreifiveitu og stórnótanda fyrirkomulag mælíbúnaðar og kennitölu mælistaðar.

Nota má tímabundið annan mælistað en skilgreindur er í tengisamningi, ef hluti mælíbúnaðar er ekki til staðar svo sem straum- og/eða spennuspennar.

Séu fleiri en einn mælir fyrir á afhendingarstað skal skilgreint í raforkusölusamningi eða tengisamningi hvaða mælir skal notaður til skuldfærslu.

Óski vinnslufyrirtæki, dreifiveita eða stórnótandi eftir því að aðrir mælar á viðkomandi mælistað séu tengdir gagnasöfnunarkerfi kerfisstjórnar eða dreifiveitu ber þeim að gera um það sérsamning og greiða kostnað við þá mælipjónustu.

Vinnslufyrirtæki, dreifiveitu eða stórnótanda er óheimilt að flytja mælíbúnað eða breyta mælitaugum, nema í samráði við flutningsfyrirtæki.

15. gr.

Mæling raforku í dreifikerfi.

Dreifiveita ber ábyrgð á mælingum á dreifiveitusvæði sínu. Í því felst uppsetning, rekstur og viðhald mælíbúnaðar svo og söfnun, leiðrétting og staðfesting mæligagna og dreifing þeirra til viðkomandi aðila. Ennfremur skulu dreifiveitur tryggja að raforkumælar til uppgjörs raforku séu löggiltir.

Mælistaður skal vera sá staður í dreifikerfinu sem tilgreindur er sem notkunarstaður eða afhendingarstaður virkjunar.

Nota má annan mælistað en skilgreindur er í tengisamningi, ef hluti mælíbúnaðar er ekki til staðar svo sem straum- og/eða spennuspennar. Skal þá áætla skekkjuna og leiðréttu. Þeir aðilar sem eiga hlut að máli skulu samþykkja leiðréttinguna, en ef ekki næst sátt skal eftirlitsaðili úrskurða. Sé þessi leið valin skal settur upp fullnægjandi búnaður næst þegar viðkomandi tengivirki er endurnýjað.

Dreifiveita skal skilgreina nánar fyrirkomulag mælíbúnaðar í tengisamningi við almennan notanda eða virkjun, sem tengd er dreifikerfi. Séu mælar fleiri en einn á sama notkunarstað skal skilgreint í tengi- eða orkusölusamningi hvaða mælir skal notaður til skuldfærslu og við útreikning á jöfnunarorku. Óski almennur notandi eftir því að aðrir mælar á viðkomandi notkunarstað séu tengdir gagnasöfnunarkerfi dreifiveitu eða kerfisstjórnar ber þeim að gera um það sérsamning og greiða kostnað við þá mælipjónustu.

V. KAFLI
Tæknilegar kröfur til mælíbúnaðar,
16. gr.

Skrár yfir mælíbúnað.

Kerfisstjórn og dreifiveitur skulu halda skrár yfir allan mælíbúnað eða tryggja að þær séu aðgengilegar hjá þjónustufyrirtæki mælinga. Hið minnsta skal varðveita gögn um löggildingu og prófunarvottorð mæla, prófunarvottorð fyrir straumspenna og spennuspenna, svo og gögn varðandi stillingar og prófanir annars mælíbúnaðar ásamt teikningum af mælirásum. Aðilar skulu hafa aðgang að þeim gögnum er varða áreiðanleika mælinga þeirra sjálfra og geta farið fram á sérstakar prófanir skv. 23. gr. ef rökstudd ástæða liggur fyrir.

17. gr.

Prófanir og stillingar mælíbúnaðar.

Sá aðili sem er ábyrgur fyrir mælingu raforku skal greiða kostnað við reglubundnar prófanir mæla. Til mælingar á raun- eða launorku á mælíbúnaður að vera prófaður og stilltur til að vinna innan tilgreindra skekkjumarka (sbr. töflur 2 og 3 í 19. gr.), þegar tekið hefur verið tillit til skekkju í straum- og spennuspennum og viðnáms í mælitaugum og varnarbúnaði.

Öll vinna við mælíbúnað og prófanir hans skal framkvæmd á þann hátt að sem minnst röskun verði á rekstri búnaðarins. Alla vinnu sem getur haft áhrif á mæliniðurstöður skal skrá í dagbók. Öll leiðrétting sem gerð er vegna þessa skal einnig skráð og tilkynning send þeim aðilum sem málið snertir.

Komi fram skekkja eða bilun í mæli skal ábyrgðaraðili mælinga skipta þeim mæli út og leiðrétta mælingar. Jafnframt skal hlutaðeigandi aðilum send greinargerð um leiðréttinguna.

18. gr.

Hönnun, framleiðsla og prófun mælíbúnaðar (staðlar fyrir mælíbúnað).

Mælíbúnaður, sem notaður er til uppgjörs raforku skal hannaður, framleiddur og gæða-prófaður í samræmi við gildandi íslenska, evrópska og/eða alþjóðlega staðla, í þessari röð. Undir þetta falla allar gerðir raforkumæla, straumspenna og spennuspenna. Allir raforkumælar sem falla undir þessa reglugerð skulu hafa gerðarviðurkenningu skv. reglugerð um mælifræðilegt eftirlit með raforkumælum nr. 1061/2008 með síðari breytingum.

19. gr.

Lágmarkskröfur um nákvæmni mælíbúnaðar.

Nákvæmni mælíbúnaðar skal að lágmarki vera sem segir í neðangreindum töflum:

Tafla 1: Nákvæmniflokkur straumspenna, spennuspenna og raforkumæla.

Mælíbúnaður	Nákvæmniflokkur mælíbúnaðar			
	>10 MVA	5-10 MVA	1-5 MVA	<1 MVA
Gerð mælíbúnaðar				
Straumspennar, sem teknir voru í notkun fyrir 1. janúar 2005	0,5	0,5	0,5	1
Straumspennar, sem teknir voru í notkun eftir 1. janúar 2005	0,2S	0,2S	0,5S	0,5S
Spennuspennar, sem teknir voru í notkun fyrir 1. janúar 2005	0,5	0,5	0,5	1
Spennuspennar, sem teknir voru í notkun eftir 1. janúar 2005	0,2	0,2	0,5	0,5
Raforkumælar (raunorkumælar), sem teknir voru í notkun fyrir 1. janúar 2005	0,5	0,5	1	2
Raforkumælar (raunorkumælar), sem teknir voru í notkun eftir 1. janúar 2005	0,2S	0,5S	1	2
Launorkumælar	0,5S	1	1	2

Tafla 2: Mælíbúnaður ásamt mælirásum fyrir raunafl.

--	--

Commented [BD42]: Ath. reglugerð um 1061/2008 um mælifræðilegt eftirlit með raforkumælum ásamt síðri breytingum. Skoða þarf þennan kafla með hliðsjón af henni og þar með hvort um tvítekingu er að ræða og/eða þörf á samræmingu þar sem stofn þessarar reglugerðar er eldri (2004) en ofangreindrar reglugerðar sem er frá árinu 2008.

Commented [BD43]: Ekki er ljóst til hvaða aðila er verið að vísa hér og hann ekki skilgreindur í reglugerðinni. Miðað við upptalningu í greinni virðist ekki verið að vísa til Netorku eða sambærileg fyrirtækis. Fremur að dreifiveitur geti útviðað þeim verkefnum sem lúta að mælaumsjón.

Commented [BD44]: Eins og áður segir þarf að skoða þennan kafla og ákvæði hans og bera saman við ákvæði IV. kafla reglugerðar 1061/2008 og meta hvort eðlilegt er að vísa einfaldlega til hennar um þessi atriði.

Skilyrði	Skekkjumörk við gefinn fasviksstuðul				
Straumur, sem hlutfall af málgildi mælistraums	Fasviksstuðull	Leyfileg hámarksskekkjumörk miðað við afl			
		> 10 MVA	5-10 MVA	1-5 MVA	< 1 MVA
120% til og með 10%	1,0	±0,5%	±1,0 %	±2,0 %	±3,0 %

Tafla 3: Mælibúnaður ásamt mælirásum fyrir launafl.

Skilyrði	Skekkjumörk við gefinn fasviksstuðul				
Straumur, sem hlutfall af málgildi mælistraums	Fasviksstuðull	Leyfileg hámarksskekkjumörk miðað við afl			
		>10MVA	5-10 MVA	1-5 MVA	<1 MVA
120% til og með 10%	0	±4,0 %	±4,0 %	±4,0 %	±4,0 %

20. gr.

Samanburðarmælar.

Samanburðarmæla skal setja upp á mikilvægum stöðum í raforkukerfinu til að tryggja nákvæmni og öryggi raforkumælinga. Kerfisstjórn flutningskerfis og dreifiveitu skal setja verklagsreglur um hvar slíkir mælar skuli settir upp.

VI. KAFLI

Rekstur mælibúnaðar og mælikerfa.

21. gr.

Innsigling mælibúnaðar.

Kerfisstjórn flutningskerfis og dreifiveitu skal tryggja að innsigli þess aðila sem hefur löggilt raforkumæli sé til staðar. Hafi innsigli verið rofið ber ábyrgðaraðila mælinga að skipta mæli út. Kerfisstjórn flutningskerfis og dreifiveitu skulu innsigla mælispenna, mæliferjöld og gagnasöfnunarbúnað, þar sem því verður við komið og hafa ein heimild til að rjúfa þau innsigli.

22. gr.

Aðgengi að mælibúnaði.

Kerfisstjórn flutningskerfis eða dreifiveitu skal hafa greiðan aðgang að mælibúnaði. Mælibúnað má ekki flytja til án samþykkis þeirra, en kerfisstjórn getur krafist flutnings mælis ef hann er á óhentugum stað.

23. gr.

Skekkjur í mælingu raforku.

Sé farið fram á sérstaka prófun á mælibúnaði skal ábyrgðaraðili hans láta prófa búnaðinn. Sé mæliskekkja mælibúnaðar meiri en 50% umfram hámarksskekkjumörk við álag sem er ákvarðandi fyrir viðskiptauppgjör, sbr. töflu 1 í 19. gr., skal ábyrgðaraðili mælinga greiða kostnað við prófun hans. Ella skal sá sem fór fram á prófunina bera kostnaðinn. Sömu reglur gilda ef farið er fram á sérstaka skoðun eða rannsókn á mælibúnaði.

24. gr.

Stilling klukkna.

Kerfisstjórn flutningskerfis og dreifiveitna er ábyrg fyrir samtímastillingu klukkna í safnstöðvum. Kerfisstjórn skal skilgreina leyfileg tímafrávik í aflraðarmælingu. Verði tímafrávik yfir leyfilegum mörkum skal aflröð leiðrétt. Slík leiðrétting skal skráð í dagbók og viðkomandi aðilum send tilkynning þar um.

25. gr.

Leiðrétting mæligilda.

Commented [BD45]: Sama athugasemd á við um VI. kafla og V. kafla þ.e. að skoða samræmi við reglugerð nr. 1061/2008.

Commented [BD46]: Áður er vikið að skorti á skýrari ákvæðum um skyldur viðskiptavina til að heimila aðgengi að mælabúnaði og hvaða afleiðingar það á að hafa að viðskiptavinur neitar aðgengi eða hefur uppi aðgerðir til að hamla aðgengi. Ljóst er að innsetningargerð er mjög tímafrek og kostnaðarsöm leið. Rétt er þó að taka fram að með aukinni snjallmælavæðingu verður þetta auðveldara.

Kerfisstjórn flutningskerfis og dreifiveitna skal setja reglur um aðferðir við leiðréttingu mæligilda, skráningu þeirra og birtingu. Orkustofnun skal samþykkja reglurnar.

26. gr.

Reglur um aðgangsröryggi.

Kerfisstjórn flutningskerfis og dreifiveitna skal setja reglur um aðgangsröryggi að söfnunarkerfum og gagnagrunnum til að tryggja trúnaðarskyldu raforkulaga.

VII. KAFLI

Mælaálestur og miðlun gagna.

27. gr.

Raforkumælar án fjarálestrarbúnaðar.

Dreifiveita skal lesa á mæla hjá almennum notendum að lágmarki fjórða hvert ár. Dreifiveita skal engu að síður afla upplýsinga um mælistöðu árlega.

Almennum notanda ber að skila árlega til dreifiveitu upplýsingum um mælistöður allra mæla sem skráðir eru í tengisamningi, fari dreifiveita fram á það.

Almennur notandi getur, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjör miðað við mældu notkun.

28. gr.

Raforkumælar með fjarálestrarbúnaði.

Upplausn mælinga þar sem aftoppur er áætlaður hærrí en 100 kW skal a.m.k. vera ein klukkustund.

Dreifiveita leggur til nauðsynlegt gagnaflutningssamband, sé ekki getið um annað í tengisamningi. Í tengisamningi skal kveðið á um aðstöðu fyrir gagnaflutningsbúnað og aðgengi að honum, uppsetningu hans og viðhald. Dreifiveitu er heimilt að sækja og nota mæligögn fyrir reikningsgerð vegna kostnaðar við dreifingu raforku og útreiknings á jöfnunarorku, svo og uppgjör viðskipta með raforku, enda sé slíkt í samræmi við lög og reglugerðir. Afhending mæligagna til annarra skal vera í samræmi við reglugerð og skilmála.

Almennur notandi getur farið fram á að raforkunotkun hans sé tímamæld, enda greiði hann viðbótarkostnað sem af slíkrí mælingu hlýst. Dreifiveita getur hvenær sem er tímamælt raforkunotkun almenns notanda, enda greiði hún viðbótarkostnað af mælingunni.

Þegar flutningsfyrirtæki eða dreifiveita getur ekki sótt mæligögn eða mæling hefur glatast, skal áætla mæligildi út frá sambærilegum gögnum og forsendum.

29. gr.

Skil á mæligögnum.

Dreifiveita skal skila álestrum, áætlunum og mæligögnum fyrir tímamældu notendur til sölufyrirtækja vegna uppgjör og reikningsgerðar fyrir næstliðinn mánuð í síðasta lagi 10. hvers mánaðar á því formi sem kerfisstjórn ákveður.

30. gr.

Framsetning og miðlun upplýsinga.

Flutningsfyrirtæki og dreifiveitum ber að afhenda vinnslufyrirtækjum, sölufyrirtækjum og notendum nauðsynlegar upplýsingar. Gagnasamskiptin skulu vera á því formi og með þeirri tíðni sem kerfisstjórn ákveður og Orkustofnun samþykkir.

Kerfisstjórn flutningskerfis skal í samráði við dreifiveitur setja verklagsreglur um tilkynningar og staðfestingar milli viðskiptakerfa. Verklagsreglurnar skulu lagðar fyrir Orkustofnun til samþykktar.

VIII. KAFLI

Jöfnunarábyrgð og uppgjör jöfnunarorku.

31. gr.

Samningar og skil á áætlunum vegna jöfnunarábyrgðar.

Commented [BD47]: Hér komum við aftur að skyldum viðskiptavina og hvaða afleiðingar það á að hafa ef viðskiptavinir fara ekki eftir ákvæðum laganna.

Commented [BD48]: Hér er bent á að mögulega mætti hafa aðrar / eða fleiri viðmiðanir, t.d. að mið við stærð heimtaugar og 7eða tiltekna ársnotkun t.d. 300 þ. kWh.

Commented [BD49]: Eðlilegt er að inn í þessa reglugerð og/eða reglugerð um 1061/2008 um mælifræðilegt eftirlit með raforkumælum komi sérstök ákvæði um snjallmæla.

Jöfnunarábyrgðaraðila ber að gera skriflegan samning við kerfisstjórn flutningsfyrirtækis um jöfnunarábyrgð. Þeir skulu skila inn áætlunum sem sýna fram á jafnvægi í öflun og ráðstöfun þeirrar raforku sem þeir eiga viðskipti með. Áætlanir þessar skulu vera samkvæmt verklagsreglum kerfisstjómar.

32. gr.

Útreikningur á jöfnunarorku.

Kerfisstjórn flutningsfyrirtækis skal reikna út jöfnunarorku hvers ábyrgðaraðila jöfnunarorku fyrir sig. Jöfnunarorkan á að reiknast út á grunni uppgjörsgagna frá flutningskerfi, dreifiveitum og sölufyrirtækjum. Jöfnunarorku á að reikna út fyrir hvern klukkutíma og með nákvæmni sem svarar til kWst/st.

33. gr.

Greiðsluskylda og inneignir vegna jöfnunarorku.

Kerfisstjórn flutningsfyrirtækis skal reikna út greiðsluskyldu eða inneign hvers ábyrgðaraðila á grunni jöfnunarorku hvers aðila. Greiðsluskylda eða inneign á að grundvallast á verði jöfnunarorku hjá kerfisstjórn. Upplýsingar um greiðsluskyldu eða inneign skulu sendar til aðila í síðasta lagi 20 dögum eftir lok uppgjörstímabils. Kerfisstjórn er heimilt að krefja jöfnunarábyrgðaraðila um tryggingarupphæð sem nemur 25% af áætluðum árlegum kostnaði vegna jöfnunarorku.

34. gr.

Skil dreifiveitu á mæligögnum vegna uppgjör jöfnunarorku.

Dreifiveita skal senda kerfisstjórn flutningsfyrirtækis mæligögn yfir heildarraforkunotkun innan síns dreifikerfis sundurliðuð eftir einstökum söluaðilum, ásamt dreifingartapi í samræmi við verklagsreglur skv. 38. gr. Ennfremur skal dreifiveita senda viðkomandi söluaðilum þau mæligögn sem varða viðskipti þeirra innan dreifikerfis hennar.

35. gr.

Verklagsreglur um útreikning og uppgjör jöfnunarorku.

Flutningsfyrirtæki skal setja sér verklagsreglur um útreikning og uppgjör jöfnunarorku og gera samninga á grundvelli þeirra. Reglurnar skulu stuðla að skilvirkum raforkumarkaði og tryggja jafnræði aðila. Reglurnar skal leggja fyrir rOrkustofnun til samþykktar.

36. gr.

Þóknun vegna útreiknings og uppgjör.

Kerfisstjórn flutningsfyrirtækis og dreifiveitum er heimilt að krefja sölufyrirtæki um þóknun vegna útreiknings og uppgjör á jöfnunarorku sem nemur kostnaði við þá umsýslu.

37. gr.

Rafræn upplýsingamiðlun.

Tilkynningar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skulu vera á rafrænu og stöðluðu formi í samræmi við verklagsreglur kerfisstjómar flutningsfyrirtækis.

IX. KAFLI

Verklagsreglur og viðskiptaskilmálar flutningsfyrirtækis.

38. gr.

Verklagsreglur flutningsfyrirtækis.

Flutningsfyrirtækið skal í samráði við raforkufyrirtæki setja sérstakar verklagsreglur um samskipti, greiðslur og upplýsingastreymi milli flutningsfyrirtækisins og vinnslufyrirtækja, dreifiveitna, sölufyrirtækja og stórnotenda. Gildistaka verklagsreglnanna er samþykki Orkustofnunar.

39. gr.

Viðskiptaskilmálar flutningsfyrirtækis.

Flutningsfyrirtæki skal í gjaldskrá sinni fyrir flutning raforku og kerfisþjónustu skilgreina viðskiptaskilmála fyrirtækisins þ. á m. greiðsluskilmála, gjalddaga og eindaga reikninga og viðurlög við vanskilum.

X. KAFLI

Viðskiptaskilmálar dreifiveitu.

40. gr.

Greiðsla fyrir dreifingarþjónustu.

Almennum notanda ber að greiða fyrir tengingu við dreifikerfi svo og fyrir dreifingu raforku til hans. Greiðsluskyldan tekur einnig til dreifingar og flutnings raforku, sem mæld hefur verið hjá notanda, þótt hún hafi ekki komið honum að gagni vegna bilana í raflögnum hans eða vegna annarra orsaka sem dreifiveitunni eru óviðkomandi.

Dreifiveita gerir notanda reikning fyrir dreifingarþjónustu samkvæmt tengisamningi og gildandi gjaldskrá. Í tengisamningi skal skilgreina hvert eigi að senda reikning í upphafi viðskipta en notandi hefur rétt til að tilkynna breytingar síðar.

Commented [BD50]: Hér er ítrekað það sem komið var fram að undirrituð heimtaugaumsókn er ígildi tengisamnings.

41. gr.

Tíðni reikninga fyrir dreifingarþjónustu.

Dreifiveita skal senda almennum notanda reikning að lágmarki á þriggja mánaða fresti, en dreifiveita og notandi geta samið um annað fyrirkomulag. Dreifiveitu ber þó að senda a.m.k. einn reikning á ári.

Dreifiveitu er heimilt að áætla notkunarmynstur notanda á milli álestra á grundvelli fyrri notkunar.

42. gr.

Reikningsgerð.

Dreifiveitu er heimilt að annast útsendingu og innheimtu reikninga fyrir söluþjónu. Nýti dreifiveita sér þessa heimild og semji um slíka þjónustu við eitt söluþjónu, skal öðrum söluþjónu standa til boða sama þjónusta á sömu kjörum.

Söluþjónu, sem hafa söluleyfi raforku er heimilt að innheimta gjöld fyrir sölu dreifingu, og flutning raforku. Þegar innheimtan er í höndum söluþjónu ber því að beina innheimtunni um viðskiptabanka og skal halda greiðslu dreifiveitupjónustu aðskilinni á sérgreindum bankareikningi sem einungis er heimilt að ráðstafa til greiðslu fyrir dreifiveitupjónustu. Heimilt er að sölu- og dreififyrirtæki innheimti gjöld fyrir þjónustu hvort í sínu lagi. Á reikningi ber að sérgreina gjald fyrir flutning, dreifingu og sölu raforku.

Dreifiveita og söluþjónu skulu gera með sér skriflegan samning um áður nefnda þjónustu, sem skilgreini gagnaaðgang og gagnaflutning, milli aðila, snið gagna og upphæð tryggingar vegna innheimtra gjalda fyrir dreifingarþjónustu.

Söluþjónu skal standa dreifiveitu skil á innheimtum gjöldum vegna hennar eigi síðar en 15. dag mánaðar miðað við uppgjör 10. dag sama mánaðar. Uppgjör vegna innheimtu gjalda síðasta uppgjörstímabils skal senda dreifiveitu á skiladegi gjalda.

Dreifiveitu er óheimilt að auglýsa þjónustu söluþjónu á reikningum sínum.

Commented [BD51]: Hér þarf að hafa í huga að til eru ýmsar leiðir við innheimtu kröfu og taka þarf tillit til þess en samt sem áður að gera sömu kröfur. (kortaviðskipti, ýmiskonar smáforrit með greiðslumiðlun o.s.frv.)

43. gr.

Upplýsingar á reikningi fyrir dreifingarþjónustu.

Á reikningi skal koma fram einingaverð sem notað er til grundvallar reikningsgerðinni ásamt magni raforku.

Gjöld fyrir flutning, dreifingarþjónustu og raforku vera greinilega aðgreind á reikningi. Heimilt er að sýna meðalkostnað dreifiveitu fyrir flutning í kr/kWst.

Á reikningum almennra notanda á svæðum þar sem í gildi er dreifbýlisgjaldskrá, skulu koma fram upplýsingar um fjárhæð framlags til lækkunar dreifingarkostnaðar.

Á reikningi dreifiveitu skal koma fram kennitala mælistaðar ásamt auðkenni notkunarferilssvæðis sem kerfisstjórn flutningsfyrirtækis úthlutar.

Commented [BD52]: Ein leið til þess að einfalda reikningagerð er að gera ekki kröfu um að flutningur sé sérgreindur á reikningi enda er hann aðeins einn kostnaðarliður af mörgum í dreifingunni.

44. gr.

Gjaldfrestur reiknings og dráttarvextir.

Frá útsendingardegi reiknings til gjalddaga hans skulu líða minnst tvær vikur.

Almennum notanda ber skylda til að greiða reikning dreifiveitu í síðasta lagi á þeim gjalddaga sem fram kemur á reikningi. Verði dráttur á greiðslu reiknings er dreifiveitu heimilt að innheimta dráttarvexti skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Dreifiveitu er einnig heimilt að innheimta hæfilegt gjald fyrir skriflega innheimtu- og lokunarviðvörðun samkvæmt gjaldskrá dreifiveitunnar.

Commented [BD53]: Hér þarf að hafa í huga að í dag eru allir reikningar rafrænar og yfirgnæfandi huti viðskiptavina er að greiða reikninga í heimabanka. Því er þessi tími allt of langur. Í framkvæmd eru þetta jafnan 5 til 7 dagar.

45. gr.

Stöðvun raforkuafhendingar vegna vanskila við dreifiveitu.

Dreifiveita hefur heimild til að stöðva raforkuafhendingu að húsi eða íbúð almenns notanda sem vanrækir að greiða reikning fyrir dreifingarþjónustu eða að uppfylla skyldur sínar skv. reglugerð þessari. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir gjalddaga og að undangenginni skriflegri viðvörðun, sem send skal notanda með 14 daga fyrirvara. Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila dreifiveitum sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar á orkuafhendingu og vanskil á uppgjörreikningum. Dreifiveita ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar. Stöðvun orkuafhendingar hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við dreifiveitu.

Dreifiveitu er heimilt að loka veitu sem er ekki í notkun.

Dreifiveitu er heimilt að innheimta lokunar- og opnunargjöld hjá almennum notanda sem dreifingarþjónusta hefur verið stöðvuð hjá vegna kostnaðar sem af því hlýst. Dreifiveitu ber ekki skylda til að hefja dreifingarþjónustu fyrr en skuld ásamt kostnaði vegna stöðvunar dreifingarþjónustunnar hefur verið að fullu greidd.

Dreifiveita skal upplýsa notendur sína um lokunar- og opnunargjöld.

Commented [BD54]: Áður er minnst á mikilvæg þess að færa 11. gr. til samræmis við þetta ákvæði, m.a. tímafrestinn.

46. gr.

Leiðrétting á skekkju í mælingu raforku.

Mælitæki telst sýna rétt ef mesta skekkja þess er innan ±50% frá skilgreindum skekkjumörkum, sbr. töflu 1 í 19. gr. Komi fram villa í reikningi, mælingu eða mælaálestri á dreifiveita rétt á að innheimta viðbótarupphæð sem leiðréttingunni nemur og á sama hátt á almennur notandi rétt á endurgreiðslu í eftirfarandi tilvikum:

1. Sé staðfest að mæliskekkjan hafi verið meiri en kveðið er á um í 1. mgr. skal mismunurinn gerður upp eftir áætlun dreifiveitu sem byggð skal á niðurstöðum úr prófunum á mælíbúnaði, staðfestri notkun notandans að teknu tilliti til hvenær notkunin fór fram eða öðrum atriðum sem máli skipta.
2. Hvor sem er, almennur notandi eða dreifiveita, geta krafist þess að fá greiddar kröfur, sem stafa af skekkjum í mælingum, tvö ár aftur í tímann.
3. Hafí aðeins verið lesið á mæli fjórða hvert ár í samræmi við 27. gr. geta sammingsaðilar krafist leiðréttingar vegna skekkja fjögur ár aftur í tímann.
4. Dreifiveitu ber að endurgreiða notanda raunvirði oftekinna gjalda. Vegna vantekinna gjalda skal notanda veittur sanngjarn tímafrestur til greiðslu viðbótarupphæðar. Greiði notandinn ekki reikning vegna viðbótarupphæðar á umsömdum tíma er dreifiveitu heimilt að innheimta dráttarvexti skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Commented [BD55]: Almennur fyrirningarfrestur er 4 ár samkvæmt lögum 150/2007 um fyrningu kröfurettinda. Spurning hvort þessi framsetning 2. og 3. tl. 46. gr. hefur fullnægjandi lagastöð.

Commented [BD56]: Hér er aðeins fjallað um oftekin gjöld dreifiveitu en ekki raforkusölu söluaðila. Ljóst þarf að vera að dreifiveitur beri ekki ábyrgð á raforkukostnaði aðeins dreifikostnaði.

XI. KAFLI

Uppgjör á grunni notkunarferils.

47. gr.

Notkunarferill.

Uppgjör milli kerfisstjórnar flutningsfyrirtækis og sölufyrirtækja skal byggjast á notkunarferlum fyrir þá almennu notendur, sem ekki eru tímamældir.

Dreifiveitum er heimilt að skilgreina fleiri en einn notkunarferil á dreifiveitusvæði sínu. Þó er ekki heimilt að leggja fleiri en einn notkunarferil til grundvallar úttekt á hverjum afhendingarstað úr flutningskerfinu. Samtengdir og sammældir afhendingarstaðir teljast í þessu

sambandi einn afhendingarstaður. Breytingar á notkunarferlum skulu gerðar í samráði við flutningsfyrirtækið.

48. gr.

Útreikningur á tapi í dreifikerfi.

Við útreikning á orkutapi í dreifikerfinu fyrir skilgreiningu á notkunarferli skal nota tapferil sem er einkennandi fyrir viðkomandi dreifikerfi. Orkutap skal gefið upp fyrir hverja klukkustund.

49. gr.

Útreikningur á orkuúttaki sölufyrirtækja.

Dreifiveita skal reikna út hlutdeild hvers sölufyrirtækis í notkunarferlinum út frá áætlaðri ársnotkun þeirra almennu notenda, sem ekki eru tímamældir.

50. gr.

Tilkynningar með uppgjörsupplýsingum á grunni notkunarferils.

Dreifiveita skal senda uppgjör á útreiknaðri úttekt til sölufyrirtækja fyrir hverja klukkustund í samræmi við hlutdeild í notkunarferli innan viku frá lokum uppgjörsmanaðar. Klukku-tímagildi úttektar á að gefa upp í heilum kWst/st.

51. gr.

Upplýsingar um áætlaða úttekt á hverjum mælistað.

Dreifiveita á minnst ársfjórðungslega að senda upplýsingar til viðkomandi sölufyrirtækis um áætlaða árlega úttekt fyrir hvern mælistað þess. Upplýsingarnar á að senda sölufyrirtæki innan tveggja vikna eftir lok **ársfjórðungs**.

Áætlað úttak fyrir hvern mælistað á að gefa upp í heilum kWst/st.

52. gr.

Fjárhagslegt uppgjör.

Dreifiveita skal annast fjárhagslegt uppgjör á mismuni milli áætlaðrar og raunverulegrar úttektar og upplýsa sölufyrirtæki um greiðsluskýldu þess eða inneign, innan sex vikna frá lokum uppgjörstímabils og afhenda grunnöggn ef eftir þeim er leitað.

Dreifiveita skal halda bókhald yfir dreifingu fyrir sérhvert sölufyrirtæki. Bókhaldið skal uppfæra við álestur mælis svo og hlutdeild sölufyrirtækis í notkunarferlinum. Mismuninn skal verðleggja í samræmi við verð jöfnunarorku hjá kerfisstjórn flutningsfyrirtækis eins og það er á hverri klukkustund. Bókhaldið skal gera upp eigi sjaldnar en um hver **áramót**.

53. gr.

Rafræn upplýsingamiðlun.

Tilkynningar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skulu vera á stöðluðu og rafrænu formi í samræmi við verklagsreglur kerfisstjórnar flutningsfyrirtækis.

XII. KAFLI

Undanþágur.

54. gr.

Undanþágur.

Fullnægi mælibúnaður ekki kröfum þessarar reglugerðar um nákvæmni eða ef ekki er unnt að koma við mælingu á viðeigandi mælistað getur kerfisstjórn flutningsfyrirtækis eða dreifiveita sótt um tímabundna undanþágu til Orkustofnunar. Við veitingu undanþágu skal taka mið af viðskiptahagsmunum, kostnaði við að koma fyrir mælingu á mælistað og fyrirhugaðri endurnýjun búnaðar.

Commented [BD57]: Hafa þarf í huga að í dag eru þessar upplýsingar aðgengilegar með rafræmnum hætti daglega (lifandi aðgangur). Sölufyrirtæki á því kost á því að hafa lifandi aðgang að þessum upplýsingum.

Commented [BD58]: Varðandi 52. gr. þarf að hafa í huga að Netorka, reiknistofa dreifiveitna, veitir þessa upplýsingar í lifandi umhverfi sem sölufyrirtækin hafa aðgang að. Þá þarf að hafa í huga að ekkert fjárhagslegt uppgjör fer fram milli sölufyrirtækis og dreifiveitu. Hér er um orkuuppgjör að ræða. Spurning hvort þetta ákvæði á við um uppgjör jöfnunarorku og þá fjárhagslegt uppgjör Landsnets við dreifiveiturnar.

XII. KAFLI
Gildistaka o.fl.
55. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 20. gr. raforkulaga nr. 65/2003, öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1050/2004 um raforkuviðskipti og mælingar, með síðari breytingum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, ... október 2019.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir.
